

Landskeppni Smalahundafélags Íslands 2012

Hin árlega landskeppni Smalahundafélags Íslands (SFÍ) var haldin á Kaldármelum dagana 1. og 2. september, 2012. Mótið var haldið á vegum Smalahundafélags Snæfellsness og Hnappadals og var þátttaka öllum opin. Kindurnar voru frá Gísla Þórðarsyni í Mýrdal og þóttu þær hæfilega hundvanar. Aðstaða til keppni var mjög góð og var framkvæmd mótsins til fyrirmyndar.

Dómari keppinnar var James P. McGee frá Írlandi og ritari var Eggert Kjartansson frá Hofsstöðum. James hefur mikla reynslu af fjárhundaþjálfun og keppnum. Hann miðlaði af reynslu sinni, leiðbeindi keppendum fyrir og eftir keppnina, og svaraði spurningum varðandi keppnina og stigagjöf.

Keppt var í þremur flokkum; Unghundaflokk (yngri en þriggja ára), B-flokk, og A-flokk. Rétt til þátttöku í B-flokk höfðu þeir hundar sem ekki höfðu fengið a.m.k. 60 stig fyrir eitt rennsli í fyrri landskeppnum. Keppnin samanstóð af tveimur rennslum, einu hvorn dag, og giltu samanlögð stig beggja rennslanna. Mögulegur stigafjöldi fyrir hvert rennsli í Unghunda- og B-flokk voru 90, en mögulegur stigafjöldi fyrir hvert rennsli í A-flokk var 100.

Sérstakar þakkir fær Lífland fyrir að gefa verðlaun keppinnar sem voru fóður og gjafabréf.

Sérstakar þakkir fá einnig Gísli Þórðarson og James P. McGee fyrir þeirra óeigingjörnu framlög.

Úrslit:

Unghundar

Sæti	Keppendur	Fyrri rennsli	Síðara rennsli	Samtals
1	Hilmar Sturluson og Perla frá Mósakógum	67	54	121
2	Jón Axel Jónsson og Ben frá Hæl	27	60	87
3	Svanur Guðmundsson og Korka frá Miðhrauni	46	38	84

B-flokkur

Sæti	Keppendur	Fyrri rennsli	Síðara rennsli	Samtals
1	Jón Geir Ólafsson og Týra frá Geirlandi	57	61	118
2	Gísli Þórðarson og Fía frá Brautartungu	41	61	102
3	Elísabet Gunnarsdóttir og Panda frá Daðastöðum	0	72	72

A-flokkur

Sæti	Keppendur	Fyrri rennsli	Síðara rennsli	Samtals
1	Aðalsteinn Aðalsteinsson og Kría frá Daðastöðum	61	73	134
2	Gísli Þórðarson og Kata frá Daðastöðum	62	72	134
3	Elísabet Gunnarsdóttir og Skotta frá Daðastöðum	67	65	132
4	Gunnar Guðmundsson og Karven Taff frá Wales	60	69	129
5	Gunnar Guðmundsson og Ólína frá Hafnarfirði	60	65	125
6	Hilmar Sturluson og Dot frá Wales	67	56	123
7	Svanur Guðmundsson og Dáð frá Mósakógum	44	63	107

Auk verðlauna fyrir fyrstu þrjú sætin í hverjum flokk, voru eftirfarandi farandbikarar afhentir:

Stigahæsti keppandi í B-flokk: Týra frá Geirlandi (Jón Geir Ólafsson)

Tígulsbikar fyrir flest stig í A-flokk: Kría frá Daðastöðum (Aðalsteinn Aðalsteinsson)

Besti hundur í A-flokk: Karven Taff frá Wales (Gunnar Guðmundsson)

Besta tík í A-flokk: Kría frá Daðastöðum (Aðalsteinn Aðalsteinsson)

Myndir



Sigurvegjarar í Unghundaflokk: Hilmar og Perla, Jón Axel og Ben, og Svanur (Korku vantar).



Sigurvegjarar í B-flokk: Elísabet og Panda, Jón Geir og Týra, og Gísli og Fía.



Sigurvegara í A-flokk: Elísabet og Skotta, Aðalsteinn og Kría, og Gísli og Kata.



Aðalsteinn og Kría, besta tík keppinnar.



Gunnar og Karven Taff, besti hundur keppinnar.



Hilmar og Perla bíða þess að hefja keppni fyrri daginn.



Svanur og Korka að reka kindurnar í réttina.



Ben slappar af eftir keppni síðari daginn með aðdáendum sínum norðan úr Austur-Húnavatnssýslu, þeim Heklu (t.v.) og Freyju Dís.



Fía fylgir skipunum frá Gísla við að koma einni rólegri af stað...



... og árangurinn hjá þeim leynir sér ekki.



Elísabet og Panda að reka í réttina.



Týra (mynd úr safni JGÓ)



Dot kemur með erfiðan hóp síðari daginn.



Kata að reka hópinn til Gísla.



Dáð fær hrós hjá Svan eftir flott rennsli.



Gunnar og Karven Taff skilja hópinn aðfinnslulaust í sundur síðari daginn.



Einbeitningin skín af Skottu þegar hún er að ljúka rekstrinum.



Aðalsteinn og Kría snúa kindunum að réttinni.



Gunnar og Ólína undirbúa að skilja hópinn.



Dómari keppinnar, James P. McGee frá Írlandi (t.v), gefur keppendum góð ráð eftir keppnina. Gunnar þýðir á íslensku og Karven Taff fylgist áhugasamur með og rifjar upp enskuna.